




# Tökum höndum saman



## Efni fyrir atvinnurekendur

Ein af lykilskyldum atvinnurekanda er að tryggja öryggi, heilsu og vellíðan starfsfólks með því að fyrirbyggja að hættur skapist í vinnuumhverfinu og valdi heilsutjóni. [Í áætlun um öryggi og heilbrigði](#) má finna yfirlit yfir helstu áhættuþætti í vinnuumhverfinu og þær aðgerðir sem eiga að fyrirbyggja að þeir raungerist.

Kynferðisleg áreitni er einn af þeim áhættupáttum sem getur haft neikvæð áhrif á öryggi, heilsu og vellíðan starfsfólks. Hér má finna upplýsingar sem ætlaðar eru atvinnurekendum og stjórnendum um hvernig unnt er að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni í vinnuumhverfinu.

### Ábyrgð atvinnurekenda þegar kemur að kynferðislegri áreitni í vinnuumhverfinu

Kynferðisleg áreitni er áhættuþáttur sem getur haft neikvæð áhrif á vellíðan starfsfólks og því er mikilvægt að atvinnurekandi skapi vinnuumhverfi sem leyfir ekki slíka hegðun og grípi fljótt inn í þegar mál koma upp samkvæmt áætlun um öryggi og heilbrigði.

#### Parf atvinnurekandi meðal annars að:

- **Meta áhættuþætti í vinnuumhverfinu** með markvissum hætti, en í því felst meðal annars að bera kennsl á á aðstæður og hegðun sem geta aukið líkur á kynferðislegri áreitni. Skoða þarf sérstaklega aðstæður fólks sem vinnur eitt og á óreglulegum tínum í þessu samhengi.
- **Bregðast við aðstæðum og hegðun** sem fram komu í áhættumati, með aðgerðum og forvörnum sem geta dregið úr líkum á að kynferðislegri áreitni eigi sér stað. Forgangsraða þarf aðgerðum eftir alvarleika aðstæðnanna sem um ræðir.
- **Gera starfsfólki ljóst** með skýrum hætti að einelti, áreitni og ofbeldi sé hegðun sem sé ekki liðin í vinnuumhverfinu. Gott er að taka skýr dæmi um ólíkar birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni.
- **Gera grein fyrir viðbrögðum vinnustaðarins** við þeim málum sem koma upp. Meðal annars þarf að upplýsa starfsfólk til hvers/hverra það getur leitað til að viðra upplifum eða kvarta yfir óviðeigandi hegðun. Einnig þarf hann að upplýsa starfsfólk um það [ferli](#) sem tekur við í kjölfar kvörtunar.

Mikilvægt er að atvinnurekandi kynni sér vel efni reglugerðar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Reglugerð nr. 1009/2015 um

- [Aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum](#)

Upplýsingar um áhættuþætti og hvernig atvinnurekandi hyggst bregðast við og fyrirbyggja kynferðislega áreitni í vinnuumhverfinu þurfa að koma fram í skriflegri áætlun um öryggi og heilbrigði sem á vera til staðar á hverjum vinnustað.

#### **Hvað er áætlun um öryggi og heilbrigði?**

Áætlun um öryggi og heilbrigði á að gefa góða yfirsýn yfir áhættuþætti í vinnuumhverfinu og viðbrögð við þeim á vinnustaðnum. Mikilvægt er að áætlunin fjalli markvisst um viðbrögð við hvers kyns áhættuþáttum í vinnuumhverfinu til að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra á öryggi, heilsu og vellíðan starfsfólks. Til viðbótar forvörnum vinnustaðarins þarf í áætluninni einnig að gera grein fyrir þeim aðgerðum sem grípa á til komi upp mál er varða kynferðislega áreitni.

**Gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum felur í sér:**

**Áhættumat:** yfirlit yfir hættur í vinnuumhverfinu. Skimað er fyrir hættum, þær metnar og síðan forgangsraðað eftir alvarleika.

**Áætlun um heilsuvernd:** forvarnaaðgerðir til að koma í veg fyrir að hætturnar raungerist. Áætlunin byggir á niðurstöðu úr áhættumati.

**Viðbrögð við EKKO:** aðgerðir í því skyni að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi í vinnuumhverfinu. Einnig þurfa að koma fram aðgerðir sem grípa þarf til komi fram kvörtun um þessi mál. Þar á meðal er gott að taka fram til hvers/hverra starfsfólk getur leitað til að viðra áhyggjur eða kvarta yfir óviðeigandi samskiptum og hegðun.

[Nánar um áætlun um öryggi og heilbrigði](#)

2. febrúar 2023